

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 12. desember kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1139. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Arnarholt. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigurður Stefán Karlsson og Sigrún Reynisdóttir. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. A gata 1 - Surtlugata - USK23090318 Sótt er um að fá áður byggt hesthús samþykkt á lóð nr. 10 við Surtlugötu.  
Gjald kr. 14.500.  
  
Frestað. Vísað til athugasemda.
2. Ármúli 31 - USK23070201 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, átta hæða fjölbýlishús með bílakjallara fyrir 122 bíla, einangrað og klætt að utan, fimm stigahús með 133 íbúðum og þjónustu/verslun á 1. hæð, á reit D á Orkureitnum á lóð nr. 31 við Ármúla.  
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, samræmist deiliskipulagi. Stærð, A-rými: 19.035,1 ferm., 62.183,5 rúmm. B-rými: 617 ferm. Samtals 19.652,1 ferm., 63.153,3 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
  
Frestað. Vísað til athugasemda.
3. Árvellir - USK23090213 Sótt er um leyfi til að endurnýja rotþró á lóð nr 2. við Árvelli.  
Gjald kr. 14.000.  
  
Frestað. Vísað til athugasemda.
4. Árvellir 2 - USK23090214 Sótt er um leyfi til að endurnýja rotþró á lóð nr 2. við Árvelli.  
Gjald kr. 14.000.  
  
Frestað. Vísað til athugasemda.
5. Barónsstígur 4 - USK23110246 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, innréttu vörulager, stækka lagersvæði og snyrtingu og starfmannaaðstöðu í verslun við Barónsstíg 4, mhl.03, á lóð nr. 2-4 við Barónsstíg.  
Erindi fylgir afrit af aðaluppdrætti samþykktum 9. desember 1997.  
Gjald kr. 14.500.  
  
Frestað. Vísað til athugasemda
6. Bergstaðastræti 70 - USK23070040 Sótt er um útlitsbreytingu á húsinu. Ekki er verið að bæta við nýjum gluggum heldur breyta núverandi gluggum á húsi.  
  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. Brautarholt 20B - USK23110168 Sótt er um leyfi til þess að samaeina rými 0102 og 0103 og innréttu sem kaffihús í flokki I teg ? fyrir alls ? gesti við Brautarholt 20B, mhl.01, og innréttu snyrtistofu í rými 0101 við Brautarholt 20C, mhl.02 á lóð nr. 18 við

Brautarholt.  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Bræðraborgarstígur 2/Mýrargata 21 - BN060119 Sótt er um leyfi til að byggja kirkju og safnaðarheimili úr járnbentri steinsteypu, safnaðarheimilið á þremur hæðum, í kjallara m.a. helst stoðrymi og tengigangur, á fyrstu hæð eru m.a. eldhús, skrifstofa, salur og stoðrymi, á annarri hæð er salur og stoðrymi, fyrir 2 starfsmenn, 28 gesti á fyrstu hæð og 70 gesti á annarri hæð, kirkjan er á tveimur hæðum, í kjallara og aðkomuhæð eru salir og stoðrymi fyrir að hámarki 250 manns í húsi á lóð nr. 21-23 við Mýrargötu. Stærð: 1.029,8 ferm., 6.915,5 rúmm. Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar kirkju dags. 14. október 2021 og safnaðarheimilis dags. 2. desember 2021, greinargerð brunahönnuðar dags. 22. október 2021. Erindi fylgir breyttur lóðaruppdráttur dags. 28. febrúar 2022 og afrit uppdráttar af breyttu deiliskipulagi auglýst í B-deild stjórnartíðindum þann 25. febrúar 2022. Erindi fylgir greinargerð hönnuðar vegna snyrtinga dags. 17. mars 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. maí 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 16. maí 2022. Ekki eru gerða skipulagslegar athugasemdir við erindið.  
Gjald kr.12.100.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Dugguvogur 53 - USK23110202 Sótt er um leyfi til að breyta samkomusal í skrifstofur / vinnurými með sameiginlegri kaffi og salernisaðstöðu í húsi nr. 53 við Dugguvog.  
Gjald kr.14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Efstasund 58 - USK23110231 Sótt er um leyfi til að breyta notkun á bílageymslu og útbúa þar herbergi með bað og eldhúsaðstöðu auk þess er sótt um áður gerðar breytingar á innra fyrirkomulagi í einbýlishúsi nr. 58 við Efstasund.  
Gjald kr.14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Fellsmúli 28 - USK23110090 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23050254 þannig að Komið er fyrir skyggni við anddyri og nýrri gönguhurð á suðurhlið ásamt því að gerðar eru breytingar á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 28 við Fellsmúla. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Stærð eftir breytingar: 2.757,8 ferm., 13.192,9 rúmm. Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

12. Fiskislóð 15-21 - USK23100307 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23070154 þannig að rými sem var óráðstafað er nú innréttað í húsi nr. 15-21 við Fiskislóð.  
Gjald kr.14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

13. Fornhagi 8 - USK23110082 Sótt er um leyfi fyrir smávægilegum áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til þess að breyta gluggum, einangra að utan og klæða

með báruáli leikskólann Hagaborg, mhl.01, á lóð nr. 8 við Fornhaga.  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. Frakkastígur 1 - USK23110212 Sótt er um leyfi til að byggja 7.hæða fjölbýlishús með 10 íbúðum á lóð nr 1 við Frakkastíg  
Erindi fylgir mæliblað dags. 14.06.2022  
Stærðir: Ferm.1.531,6, rúmm.5.190,0  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Grandagarður 19 - USK23100156 Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi vetingastaðar í húsi á lóð nr. 19 við Grandagarð.  
Erindi fylgir yfirlit breytingar  
Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

16. Grensásvegur 14 - USK23100198 Sótt er um leyfi til að innrétta veitingarstað í fl. I tegund c fyrir 15 gesti í mhl. 01 rými 0102 í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 14 við Grensásveg.  
Jafnframt er sambærilegt erindi BN061816 samþykkt 7. mars 2023 felld úr gildi.  
Erindi fylgir afrit af aðaluppdráttum samþykktum 7. mars 2023.  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

17. Hamrahlíð 2 - USK23110316 Sótt er um leyfi til að koma fyrir tveimur færanlegum kennslustofum, mhl. 09 og mhl. 11 við Hlíðaskóla á lóð nr. 2 við Hamrahlíð.  
Stærð mhl. 09: 82,1 ferm., 318 rúmm.  
Mhl. 11: 33 ferm., 125,1 rúmm.  
Samtals 195,2 ferm., 443,1 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

18. Hlaðhamrar 52 - USK23110227 Sótt er um leyfi til sameina í einn matshluta og að byggja viðbyggingu við leikskóla á lóð nr. 52 við Hlaðhamra.  
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir dags. 16. nóvember 2023 og yfirlit breytinga.  
Stækkun: 192,3 ferm., 385,4 rúmm.  
Eftir stækkun: 323 ferm., 824 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Hlíðarfótur 17 - USK23110018 Sótt er um leyfi til þess að innrétta skrifstofur ásamt fundarherbergjum kaffistofu starfsfólks og snyrtingum fyrir 12 manns í rými 0101 í íbúða-og atvinnuhúsi, við Hlíðarfót 17, mhl.04, á lóð nr. 5 við Haukahlíð.  
Erindi fylgir afrit af samþykktum aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Hraunteigur 4 - USK23110193 Sótt er um leyfi að breyta innra skipulag kjallara í fjölbýlishús á lóð nr. 4 við Hraunteig.

Erindi fylgir yfirlit breytingar.  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Hvammsgerði 4 - USK23100346 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057945 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt líttilega auk þess miðkvistur á austurhlið er minnkaður og hætt hefur verið við svalir sem byggja átti við suðurhlið einbýlishúss á lóð nr. 4 við Hvammsgerði.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afrit aðaluppdráttu samþykktum 28. júlí 2020.  
Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

22. Hólaland - USK23100249 Sótt er um leyfi til þess byggja, úr þremur samsettum gámaeiningum, sem byggt er yfir og klætt utan með timur- eða liggjandi áklæðningu, hús, mhl.02, með geymslu, vinnustofu og líkamsrækt fyrir íbúa búsetukjarna á lóðinni Hólaland, Kjalarnesi.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 30. nóvember 2023 og ljósmyndir af lóð.  
Stærð mhl.02:  
178.2 ferm., 478.7 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

23. Hólmaslóð 6 - USK23060001 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, setja lyftu og stigahús, ásamt því að endurnýja glugga og hurðir í mhl. 01 á lóð nr. 6 við Hólmaslóð.  
Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12.okt. 2023. og mæliblað dags. júní 2005.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar Faxaflóahafnar.

24. Hólmaslóð 8 - USK23090305 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar húss á lóð nr. 8 við Hólmaslóð  
Erindi fylgir breytingarskjöl og skýrsla brunahönnuði dags. 21.11.2023  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Hólmsheiðarvegur 151 - USK23100231 Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarskemmu, klædda PIR samlokueiningum á lóð nr. 151 við Hólmsheiðarveg.  
Stærð: 640 ferm., 3.955,2 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

26. Kalkslétta 1 - USK23110088 Sótt er um leyfi að byggja spilliefnaskemmu á lóð nr. 1 við Kalkslétta  
Erindi fylgir bréf hönnuða dags.7.11.2023 mæliblað dags. 13.11.2020 og greinagerð

brunahönnuða dags. 13.11.2023  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

27. Langholtsvegur 109-111 - USK23110027 Sótt er um leyfi til að innrétta dýralæknastofu í rými 0106 og 0203 þannig að gerðar verða breytingar á innra skipulagi rýma og rými 0202 og 0203 sameinuð auk þess sem hringstigi er fjarlægður og lokað á milli hæða, dyraop gert í vegg inn í stigahús 0111 og ný iðnarðarhurð á lagerrými og útidyrhurð á starfsmannarými í húsi nr. 109-111 við Langholtsveg.  
Gjald kr.14.500.. USK23110027

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto: eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

28. Laugavegur 170 - USK23100047 Sótt er um leyfi til að byggja 2. áfanga Hekluareits, þriggja til sjö hæða fjölbýlishús með 105 íbúðum og atvinnurýmum á jarðhæð að Laugavegi, á tveggja hæða kjallara með 80 bílastæðum á lóð nr. 170 við Laugaveg. Erindi fylgir greinargerð hljóðhönnuðar dags. 29. september 2023. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.  
Stærð, A-rými: 14.811,7 ferm., B-rými: 750,7 ferm.  
Samtals: 15.562,4 ferm., 49.478 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Laugavegur 176 - USK23110213 Sótt er um leyfi til að byggja ofanábyggingu og viðbyggingu til austurs, niðurgrafna bílageymslu á suðurhlið og innrétta gististað í flokki V, teg. hótél með 170 herbergjum fyrir 360 gesti, verslunarrými á jarðhæð austurhluta og garð og bílastæði ofaná bílageymslu á lóð nr. 176 við Laugaveg. Erindi fylgir brunahönnun frá Mannvit dags. 21. nóvember 2023, bréf hönnuðar dags. 9. nóvember 2023.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Eftir stækkun: 9.528,9 ferm., 33.893,6 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Laugavegur 47 - USK23100080 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057714 þannig að gerðar eru breytingar á brunavörnum í veitingarstað í flokki II, tegund E, kaffihús í húsi á lóð nr. 47 við Laugaveg.  
Gjald kr. 14.500.. USK23100080

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

31. Melhagi 11 - USK23100138 Sótt er um leyfi til að breyta bílageymslu mhl.02 í vinnustofu í húsi nr.11 við Melhaga. Erindinu fylgir mælilað.  
Gjald kr.14.500.

Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.

32. Miðtún 11 - USK23110172 Sótt er um leyfir fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að innanhússbreytingu, bílageymslu, smáhýsi heitum potti og stækkun á anddyri í húsi nr. 11 við Miðtún.  
Gjald kr.14.500.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
33. Miðtún 78 - USK23110214 Sótt er um leyfi til að byggja 32,8 ferm og 90,2 rúmm bílskúr á lóð nr.78 við Miðtún.  
Gjald kr.14.500.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
34. Mýrargata 41 - USK23100120 Sótt um leyfir til að breyta erindi BN060025 þannig að eignahald geymslu 0031 breytist og stærð svala á 6. og 7. hæð leiðréttist í húsi nr. 64 við Vesturgötu.  
Gjald kr.14.500.
- Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.  
Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
35. Njálsgata 1 - USK23110085 Sótt er um leyfi til þess að sameina rými 0001 og 0002 og innrétta veitingastað í flokki II, tegund ?, fyrir alls ? gesti í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 1 við Njálsgötu.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 7. nóvember 2023, burðarvirkisteikning frá verkfræðistofu Stoð ehf dags. 7. nóvember 2023 og yfirlit breytinga á aðaltekningu samþykktari 31. maí 2016.  
Gjald kr. 14.500.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
36. Rafstöðvarvegur 31 - USK23110290 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23070140 með því að byggja svalaskýli yfir svalir á 1. hæð við vesturgötu í húsi nr. 31 við Rafstöðvarveg.  
Gjald kr.14.500.
- Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar.
37. Reykjastræti 5 - USK23090268 Sótt er um leyfi til að breyta skráningu þannig að rými 0106 er fellt út og stærð þess sameinuð rými 0105 í Reykjastræti 5 á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Gjald kr. 14.500.
- Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.  
Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.
38. Rökkvatjörn 1 - USK23100170 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059580, með síðari breytingu BN060426, og innrétta veitingastað í flokki II tegund c fyrir alls 30 gesti

í rými 0022, gera sér sorpgeymslu með aðgengi utanfrá í suðausturhorni rýmis 0022, minnka hjólageymslu, rými 0029, til að koma fyrir geymslu, rými 0033, í eigu veitingastaðar, jafnframt því sem skráningartafla og rýmisnúmer eru uppfærð fyrir fjölbýlis- og atvinnuhús, mhl.05, á lóð nr. 1 við Rökkvatjörn.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 7. desember ogh 18. janúar 2022.

Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Síðumúli 32 - USK23100274 Sótt er um leyfi til þess að gera skyggni yfir inngang á norðurhlið, stækka svalir á suðurhlið, sameina notkunareiningar til að stækka húsnæði dagvistunar aldraðra, fyrir alls 70 skjólstæðinga og 14 starfmenn í rými 0201 í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 32 við Síðumúla.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 23. janúar og 5. júní 2018.

Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Skipholt 1 - USK23110153 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059412, með síðari breytingum BN061851, USK23020280 OG 23030255 vegna lokaúttektar, þannig að staðsetningu á stigleiðslu 5. hæðar hefur verið breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr.1 við Skipholt.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 11. október 2023 ásamt teikningaskrá, lóðauppdrætti og hæðablaði.

Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi

41. Skólavörðustígur 40 - USK23110028 Sótt er um leyfi til að innrétta veitingaverslun í flokki 1 teg. D á jarðhæð, engin framleiðsla, eldun eða vinnsla með matvæli verða á staðnum í húsi nr. 40 við Skólavörðustíg.

Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Sogavegur 3 - USK23030201 Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu á einni hæð auk kjallara við vesturhlið verslunar- og vinnsluhúss á lóð nr. 3 við Sogaveg.  
Stækkun: 203.6 ferm., 725.5 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaltekningum samþykktum 22. september 2015, mæliblað 1.810.1 dags. 12. janúar 2023, greinargerð verkfræðistofunnar Örugg um brunahönnun dags. 9. maí 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2023.

Gjald kr.14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

43. Stórholt 43 - USK23110170 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum auk þess að gera séreign í kjallara 0001. í húsi nr. 43 við Stórholt,  
Gjald kr.14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Sundagarðar 10 - USK23070230 Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við lagerhúsnæði á lóð nr.10 við Sundagarða. Fyrir stækkun: 3.479,4 ferm., 21.402,8 rúmm. Eftir stækkun: 3.883,6 ferm., 23.577,4 rúmm. Gjald kr. 14.000.
- Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
45. Sæmundargata 15 - USK23100280 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058493 v/lokaúttektar þannig að tæknirými í kjallara, 0001, er stækkað, bílastæðum fækkað um 8, komið fyrir nýjum lyftustokki og nýrri lagnaleið ásamt því að gerðar eru minni háttar breytingar á innra skipulagi og brunavörnum á öðrum hæðum í mhl. 02 á lóð nr. 15 við Sæmundargötu.
- Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Örugg dags. 24. október 2023..  
Gjald kr. 14.500.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
46. Vatnsstígur 10 - USK23110171 Sótt er um leyfi að byggja íbúðarhús á lóð nr. 10 við Vatnsstíg.
- Erindi fylgir deiliskipulagsupprátt.  
Gjald kr. 14.500.
- Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
47. Vatnsstígur 12 - Flutningshús - USK23110169 Sótt er um leyfi að flytja hús byggt 1898 frá lóð nr. 12 til lóð nr. 10 við Vatnsstígur
- Gjald kr. 14.500.
- Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
48. Vegmúli 2 - USK23100215 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, sameina notkunareiningar og stækka sem því nemur tannlækastofu, koma fyrir nýjum aðgerðarstofum og skurðstofum á 5. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi við Vegmúla 2, mhl.08 á lóð nr. 16 við Suðurlandsbraut.
- Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 19. október 2023, yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 11. maí 2010 og hæða- og mæliblað.  
Gjald kr. 14.500.
- Frestað. Lagfæra skráningu.
49. Vesturbrún 2 - USK23010008 Sótt er um leyfi til að byggja stakstæðan, staðsteyptan bílskúr við lóðarmörk lóðar nr.4, mhl.02, við íbúðarhús á nr. 2 við Vesturbrún.
- Stærð: 32.4 ferm., 98.0 rúmm.
- Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 9. nóvember 2023, samþykki meðlóðarhafa dags. 17. ágúst 2022, samþykki eigenda aðliggjandi lóðar nr. 4 við Vesturbrún, ódagsett bréf hönnuðar vegna samræmingar á aðaluppdráttum, afrit umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2021 og mæliblað 1.380.2.
- Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. febrúar 2023.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar og/eða grenndarkynningar.

**Fundi slitið kl. 12:00**

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfisdóttir

Margrét Pálína Cassaro  
Sigurður Stefán Karlsson